

LÖG

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

1. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

- A. Á skipi með vél 75—220 kw. (102—299 hö.) einn vélavörður.
- B. Á skipi með vél 221—750 kw. (300—1019 hö.) einn vélstjóri og einn vélavörður.
- C. Á skipi með vél 751—1500 kw. (1020—2038 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri.
- D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar, þ. e. 2. og 3. vélstjóri.

Á farþega- eða flutningaskipum með vél 1300 kw. (1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

II. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

2. gr.

- 1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
- 2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á fiskiskipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með 750 kw. (1019 hö.) vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
- 3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með vél 750 kw. (1019 hö.) og minni og undirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS. II).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél 750—1500 kw. (1019—2038 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).
- 4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera undirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF. II).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél stærri en 750 kw. (1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með stærri vél en 750 kw. (1019 hö.), þar af a. m. k. 6 mánuði sem 2. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF. I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. gr.

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja störf við vélaruppteikt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

III. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

- a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótórvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

IV. KAFLI

Um undanþágur og mönnunarnefnd.

5. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavörðna og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, til fjölgunar eða fækkunar.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 2. gr. og 2. mgr. 3. gr.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

V. KAFLI

Skírteini og læknisvottorð.

8. gr.

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 2. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

- | | | |
|--------------|----------------|---|
| Vélfræðingur | I. (VF. I) | Réttindi: Yfirvélstjóri, hö. ótakmörkuð. |
| Vélfræðingur | II. (VF. II) | Réttindi: Undirvélstjóri, hö. ótakmörkuð. |
| Vélstjóri | I. (VS. I) | Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni. |
| Vélstjóri | II. (VS. II) | Réttindi: Undirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni. |
| Vélstjóri | III. (VS. III) | Réttindi: Vélstjóri, 750 kw. (1019 hö.) og minni. |
| Vélavörður | (VV.) | Réttindi: Vélavörður. |

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess nema skírteinishafi fyrirgeri því.

9. gr.

Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti, en þó má krefjast endurnýjunar oftar ef sérstök ástæða er til.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra.

10. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

11. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við erlenda skóla, að fá útgefin viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72/1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða